



Banaslys 16.10.2006

Kjósarskarðsvegur við Þórufoss

Útafakstur

Látinn 66 ára karlmaður

Tími sólarhrings: Morgunn

Lýsing á slysi

Ökumaður jeppabifreiðar ók austur Kjósarskarðsveg. Skammt frá Þórufossi virðist hann hafa misst stjórn á bifreiðinni eftir að vindhviða skall á henni og lyfti upp að aftan. Lenti framhjól bílsins í þrígang í lausamöl vegaxla. Bifreiðin snérist á veginum, hafnaði útaf vinstra megin og valt. Ökumaður bifreiðarinnar notaði ekki bílbelti og kastaðist því út um framgluggann og lenti undir henni. Hann fórst á slysavettvangi. Farþegi í framsæti slasaðist lítillega, hann notaði bílbelti.

Á slysstað er Kjósarskarðsvegur 6 metra breiður malarvegur með tæplega 1,5 metra vegöxl hvoru megin. Hámarks hraði á veginum er 80 km/klst. Mjög hvasst var þegar slysið varð og í lögregluskýrslu er haft eftir farþega í framsæti bifreiðarinnar að ökumaður hafi misst stjórn á bifreiðinni þegar vindhviða skall á bílnum og hann lyftist upp að aftan. Telur farþegi að bifreiðinni hafi verið ekið á um 70 km/klst. hraða. Vindhraði á Kjalarnesi mældist 32 m/sek í hviðum þennan dag.



Horft móti akstursstefnu jeppabifreiðarinnar. För voru á veginum eftir jeppann sem rásaði milli kanta.



Mynd af jeppabifreiðinni. Farþegarými var ekki mikið laskað.

Jeppabifreiðin var af gerðinni Toyota Land Cruiser og var skoðuð af bíltæknisérfræðingi. Ekkert kom fram við þá rannsókn sem skýrir tildrög slyssins.

Áfengis- og lyfjapróf ökumanns voru neikvæð.

Orsakagreining

- Kröftug vindhviða feykta bílnum til á veginum og við það missti ökumaður stjórn á bílnum
- Ökumaður notaði ekki bílbelti en líkur eru á að hann hefði lifað slysið af hefði hann notað bílbelti

Ábendingar

Rannsóknarnefndin ítrekar ábendingar sínar um notkun bílbelta. Að mati nefndarinnar eru góðar líkur til þess að ökumaður hefði lifað slys af hefði hann notað bílbelti

Rannsóknarnefndin hvetur vegfarendur til þess að gæta varúðar í akstri þegar veður eru váleg og vindar hvassir. Mörg slys verða á hverju ári vegna þess að ökumenn vanmeta veðurlag.

Reykjavík 8.6.2007

Rannsóknarnefnd umferðarslysa